

Ár 1980, þriðjudaginn 26. febrúar, var í málinu nr. 16/1979 uppkveðinn af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Málavextir eru þeir að árið 1979 er lagður fasteignaskattur að fjárhæð kr: 4.745.440,00 á Félagsheimili stúdenta við Hringbraut í Reykjavík, sem er skráð eign Félagsstofnunar stúdenta, sbr. lög um þá stofnun nr. 33/1968. Fasteignaskatturinn var lagður á alla húseignina án frávika. Næstu árin á undan mun fasteignaskattur af húseigninni hafa fallið niður.

Hinn 22. maí 1979 ritar Félagsmálstofnun stúdenta beiðni um úrskurð ásamt greinargerð til Yfirfasteignamatsnefndar. Í beiðninni er tekið fram, að stofnunin sjái sér ekki annað fært en óska úrskurðar um greiðsluskyldu fasteignaskatti af Félagsheimili stúdenta við Hringbraut og jafnframt tali að félagsheimilið falli undir undanþáguákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1964. Þetta tilvitnaða lagaákvæði var leyst af hólmi með 5. gr. laga nr. 8/1972 og ber að hafa það í huga við úrlausn málsins.

Félagsstofnun stúdenta viðurkennir að rétt sé og skylt að svara hlutfallslegum fasteignaskatti vegna reksturs mótuneytis stúdenta í tengslum við Hótel Garð um hálf þriðja mánaðar skeið yfir sumartímann.

Í greinargerð félagsstofnunarinnar er skýrt frá notkun húsnæðis félagsheimilisins og skiptingu þess. Þar kemur þetta fram:

1. Matstofa stúdenta notar 27,69% af heildarhúsnæði félagsheimilisins. Miðað er við flatarmál.
2. Bóksala stúdenta notar 13,38% af heildarhúsnæðinu.
3. Háskólafjölrítun notar 4,27% af heildarhúsnæðinu.
4. Önnur starfsemi notar 54,66% af heildarhúsnæðinu, en í þessum hluta hússins fer fram skrifstofuhald félagsstofnunarinnar, stúdentaráðs, stúdentablaðs o.fl., og þar er einnig til staðar funda- og vinnuástaða fyrir deildarfélag stúdenta. Er þetta húsnæði látið í té án endurgjalds.

Með bréfi borgarlögmansins í Reykjavík til Fasteignamats ríkisins dags. 28. desember 1979 er hvorki fallist á að félagsheimilið sé samkomuhús eða félagsheimili í skilningi 5. gr. laga nr. 8/1972. Telja borgaryfirvöld að orðið "félagsheimili" í undanþáguákvæði þessu taki einungis til húsnæðis, sem falli undir ákvæði laga nr. 107/1970 um félagsheimili og standi almenningi opið til afnota. Þá mótmælir borgarlögmaðurinn þeirri skoðun kæranda, að fyrirtæki Félagsstofnunar stúdenta í umræddu húsnæði séu eigi rekin í ágóðaskyni.

Líta verður svo á að hér sé um að ræða félagsheimili í merkingu 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 þar sem félagsheimilið hefur hlotið viðurkenningu stjórnvalda með ákvæði 2. tl. 2. gr. reglugerðar nr.

171/1968. Á hinn bóginn er ljóst að 45,34% af húsnæði félagsheimilisins er notað undir rekstur fyrirtækja, sem rekin eru í ágóðaskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, en þar segir: "Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir o.s.frv." Verður að skilja þetta svo að markmiðið með rekstri fyrirtækjanna sé meðal annars að afla tekna til byggingafrákvæmda og annarra þarfa Félagsstofnunar stúdenta.


Niðurstaðan verður sú með tilvísun til framanritaðs svo og með vísun til 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, að Félagsstofnun stúdenta beri að borga fasteignarskatt af 45,34% af félagsheimilinu við Hringbraut.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Gjalda skal fasteignaskatt af Félagsheimili stúdenta við Hringbraut í Reykjavík, sem hér segir:

- a. Skattskyld er 45,34% af fasteigninni
- b. Skattfrjálst er 54,66% af fasteigninni.


Pétur Stefánsson


Jon Þorsteinsson


Torfi Asgeirsson